



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 8. júní 2017, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Ágúst Már Gröndal og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara Reykhólaskóla, Íris Sigbórsdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar og Agnieszka Kowalczyk f.h foreldrafélags Reykhólaskóla. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust, nefndin samþykkir að taka annað málið til afgreiðslu undir liðnum önnur mál, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 10. apríl 2017.

Farið yfir fundargerðina, hún samþykkt samhljóða.

2. 1706008 - Ráðning í starf skólastjóra Reykhólaskóla.

Þann 12. apríl 2017 auglýsti Reykhólahreppur á vefsíðu sinni stöðu skólastjóra Reykhólaskóla lausa til umsóknar, auglýsingin var einnig birt seinna í öðrum fjölmiðlum.

Settar voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á leikskóla- og/eða grunnskólastigi.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi.
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogaþæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur var til 15. maí 2017. Þrír aðilar sóttu um stöðu skólastjóra, einn dró umsókn sína til baka. Umsækjendur:

- Jón Einar Haraldsson
- Valgeir Jens Guðmundsson

Fenginn var ráðgjafi frá Capacent til að hafa umsjón með úrvinnslu umsókna og samantekt upplýsinga um starf skólastjóra Reykhólaskóla.

Eftir að hafa farið yfir umsóknir með hliðsjón af ráðgjöf Capacent er ljóst að báðir aðilar uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda að mati nefndarinnar.

Mennta- og menningarmálanefnd leggur til að Valgeir Jens Guðmundsson verði ráðin skólastjóri Reykhólaskóla. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Rökstuðningur nefndarinnar:

Valgeir hefur nýlega reynslu af starfi skólastjóra við grunnskólann á Drangnesi. Valgeir hefur hlotið kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi, er með BSc gráðu í viðskiptafræði og master í viðskiptafræði með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlafræði og hefur haldbæra og góða reynslu af rekstri og stjórnun. Valgeir hefur innsýn í starfið og þekkir umgjörðina vel.

3. 1704003 - Kennslutímar skólaárið 2017- 2018.

Erindi frá skólastjóra, lagt fram að nýju. Skólastjóri sækir um allt að 170 kennslutíma skólaárið 2017 -2018. Enn eru nokkrir óvissuþættir hvað varðar fjölda nemenda næsta vetur, en allt verður gert til að halda tímum í hófi.

Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

4. 1706010 - Skóladagatal skólaárið 2017 – 2018.

Erindi frá skólastjóra dagsett 6. júní 2017. Skóladagatalið hljóðar uppá 178 skóladagar. Tvo skóladaga sem vantar uppá verður bætt við á haustönn með því að lengja einn dag í viku um 40 mín.

Nefndin samþykkir framlagt skóladagatal samhljóða.

5. 1706009 - Húsnæði vegna félagsmiðstöðvar.

Erindi frá tómstundafulltrúum Reykhólahrepps, Bryndísi Soffíu Jónsdóttur starfandi tómstundafulltrúa og Jóhönnu Ösp Einarsdóttur tómstundafulltrúa í fæðingarorlofi.

Miklar umræður fóru fram um erindið. Vilji er fyrir því að koma upp aðstöðu fyrir félagsmiðstöð, nefndin er ekki sammála um hvort húsnæðið sem rætt er um í erindinu sé ákjósanlegasti kosturinn. Nefndin tekur ekki afstöðu til erindisins að svo stöddu.

Mál til kynningar:

6. 1702004 – Skýrsla skólastjóra

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

Skólastjóri fór yfir skýrslu.

Önnur mál (ef einhver):

7. Ritföng keypt fyrir öll grunnskólabörn skólaárið 2017-2018.

Skólastjóri kynnti málið, en öll börn í Reykhólaskóla fá útveguð gögn næsta skólaár.

Fundargerð lesin, fundi slitið 16:50
